



Yatzy

Spil fyrir 2 eða fleiri

Gögn: 5 teningar, skriffæri og eyðublað til að skrá stigin. Hver leikmaður á einn dálk á blaðinu.

Sigurvegari: Sá sem nær hæstu stigatölu þegar spilinu lýkur.

Gangur spilsins:

Þrjár möguleikar eru í boði með skráningu stiga. Í upphafi þarf að koma sér saman um eftir hverjum þeirra á að fara:

- Skrá stig í sömu röð og á skráningarblaðinu.
- Skrá stig í sömu röð og á skráningarblaðinu í sex fyrstu umferðunum og skrá síðan í reit að eigin vali í síðari hlutanum.
- Skrá stig í reit að eigin vali.

Leikmaður kastar öllum fimm teningunum og velur í hvaða teninga hann ætlar að halda. Alls má leikmaður kasta þrisvar í hverri umferð, en þarf þess ekki. Stigin (punktarnir á teningunum segja til um þau) eru talin og skráð á færslublaðið. Dæmi: Í kasti fást 6-6-4-5-1 á teningana. Sexin eru geymd og hinum þremur teningunum er kastað aftur og upp koma 6-3-1. Sexið er sett með hinum tveimur teningunum sem voru geymdir úr fyrsta kastinum. Í síðasta kastinu er þeim tveimur teningum sem eftir eru katað og upp koma 2-2. Þá hefur spilari fengið *hús* og skráir stigatöluna 22 á skráningarblaðið. Hefði hann fengið 6-1 í síðasta kasti hefði hann fengið 24 stig í *sexur*.

Sé ekki hægt að skrá stigin vegna þess að búið er að fylla alla reiti sem til greina koma færast 0 í reit sem viðkomandi spilari velur. Dæmi: Ef teningarnir sýna 4-4-4-1-3 og bæði *fjarkar* og *þrír eins* hafa verið fyllt út er annað hvort fært 0 í óútfylltan dálk eða stigatalan 16 færð á *áhættu*.

Sé samnögð stig í fyrri hluta (*ás upp í sex*) 63 eða meira fær viðkomandi leikmaður 50 bónusstig, annars 0.

Hæsta mögulega stigatala er sem hér segir:

<i>Ásar</i> -5 stig	<i>2 pör</i> -22 stig
<i>Tvistar</i> -10 stig	<i>3 eins</i> -18 stig
<i>Þristar</i> -15 stig	<i>4 eins</i> -24 stig
<i>Fjarkar</i> -20 stig	<i>Litla röð</i> (1-5)-15 stig
<i>Fimmur</i> -25 stig	<i>Stóra röð</i> (2-6)-20 stig
<i>Sexur</i> -30 stig	<i>Hús</i> -28 stig
<i>Summa</i> -105 stig	<i>Áhætta</i> -30 stig
<i>Verðlaun</i> -50 stig	<i>Yatzy</i> -50 stig
<i>1 þar</i> -12 stig	

